

Sigrún Sif Jóelsdóttir; ofbeldi íslensku kvenfrelsunarparadísarinnar

Sigrún Sif Jóelsdóttir, er menntaður hjúkrunar- og sálfræðingur frá HÍ, verkefnisstjóri við Menntavísindastofnun HÍ. Hún er annar tveggja höfundar greinarinnar, „Kvenhatursofbeldi íslensku kvenfrelsunarparadísarinnar“ (The Misogynist Violence of Iceland's Feminist Paradise), sem hér er fjallað um. Sigrún Sif fer í fararbroddi hóps mæðra, Lífs án ofbeldis, sem berst fyrir rétti mæðra til sjálfar að ákveða, hvort feður barna þeirra megi sinna föðurhlutverki sínu – hafi ég rétt skilið. Hún hefur skrifað fjölda annarra greina um efnið í Stundina, m.a. „Faraldur ofbeldis gegn konum og börnum í COVID heimsfaraldri.“ Grant Wyeth hefur meistaragráðu í alþjóðasamskiptum frá háskólanum í Melbourne, Ástralíu.

Sigrún Sif nefnir svonefnda norræna þverstæðu, þ.e. að frjálsar konur Norðurlanda skuli oftast misþyrmt á heimilum sínum, en víðast annars staðar. Ég hef ekki séð gögn, þar sem þetta er sannreynt. Vísað er m.a. til upplýsinga frá SP, sem oft eru áróður, fremur en vandaðar vísindarannsóknir.

Allavega eru þar endurteknar gamlar, þreyttar þulur, ættaðar frá kvenfrelsunarfræðimönnum. Það, sem höfundum ekki hugkvæmist til skýringar, er, að þeim mun „frjálsari“ sem konur verða og þeim mun öflugri sem áróðurinn fyrir karlillskunni er, þeim mun líklegri er að þær beiti fólkskum ásökunum til drottunar. (Í þessum orðum felst þó ekki afsökun fyrir ofbeldi af neinu tagi.)

Sigrún fetar í kunnuglegt fótspor annarra kvenfrelsunarfræðimanna og leitast við að auka trúverðugleika hugleiðinga sinna með tilvísun í rannsóknir skoðanasystra. Vísað er til rannsóknar Drífu Jónsdóttur, Þórdísar Þorsteinsdóttur og Tinnu Laufeyjar Ásgeirsdóttur í „Scandinavian Journal of Public Health“ Hér er um að ræða tvo lækna og hagfræðing frá HÍ.

Í rannsókn þrenningarinnar á konum, átján ára og eldri, sem sögðu sér misþyrmt af ástmanni, höfðu langflestar sloppið með smávægilega áverka á skrokknum. Og gott er það. Tuggurnar frá Kvenfrelsunaráróðursdeild SP eru svo endurteknar, þ.e. að ofbeldi gegn konum – frekar en körlum – sé alheimsvandi og brot á mannréttindum þeirra. Og vissulega er það rétt. Ofbeldi er alheims- og eilífðarvandi mannkyns. Einnig ofbeldi gegn drengjum og körlum.

Sigrún Sif beinir kastljósinu að morðum karla á konum. Hún tiltekur eins og ríkislögreglustjóri, tvö andlát kvenna á Íslandi í heimasóttkví. (Í öðru þeirra að minnsta kosti verður ekki sakfellt, þ.e. okt. 2020) Vissulega er það rétt, að karlar drepa oftast en konur. Þó kynbræður miklu oftast en kynsystur. Kynsysturnar drepa nær einvörðungu karla. Það nefnir Sigrún ekki og sver sig enn í fræðimennskuætt kvenfrelsara. Hún sér heldur ekki ástæðu til að nefna, að sé konum yfirleitt hegnt fyrir morð á körlum, fá þær almennt miklu vægari dóma, en títt er um karlmorðingja.

Sigrún Sif vísar einnig til rannsóknarinnar, „Áfallasögu kvenna,“ sem mikið var auglýst fyrir ekki alls löngu (læknarnir Unnur Valdimarsdóttir og Arna Hauksdóttir). Þar var brennidepill sá sami og í fyrrnefndri rannsókn – reyndar algengur við kvenfrelsunarrannsóknir – einhliða skoðun á konum. Kunnuglegur háttur var hafður á við skilgreiningu þýðisins, þ.e. þess hóps, er rannsaka skyldi; konur, sem sjálfum þótti sér misboðið. Með tilvísun til þessarar rannsóknar vill Sigrún Sif ljá trúverðugleika fullyrðingum sínum um misþyrmingar á íslenskum konum.

Það kemur varla á óvart, að um fjórtíu af hundraði þess valda skara, sem bauð sig fram, telur sig hafa orðið fyrir framhjáaldi, höfnun, bolabrögðum og sálrænu einelti um ævina. (Hvað ætli karlar og drengir hefðu sagt?) Kórónan á þessum hluta greinarinnar er tilvísun til Stígamóta, sem telja íslenskt réttarkerfi fara illa með konur. Því lætur mikill meirihluti kvenna hjá líða að kæra ofbeldi í þeirra garð.

Kvenfjandsamlegt réttarkerfi, að sögn höfunda, tekur sjaldan tillit til staðhæfinga mæðra um ofbeldi feðra gegn þeim og dæmir börnunum venjulega forsjá beggja foreldra sinna.

Rúsinan í pylsuendanum er tilvísun til greinar í Stundinni Þar skrifar rannsóknarblaðamaðurinn, Jóhann Páll Jóhannsson, grein með titlinum: „Börn þvinguð til umgengni við ofbeldismenn.“ Þar er vitnað til tveggja lögfræðinga, Söru Pálsdóttur og Elísabetar Gísladóttur. Sú síðarnefnda hefur skrifað meistaraprófsritgerð um heimilisofbeldi.

„Mæður eru látnar gjalda fyrir að greina frá ofbeldi ef það leiðir ekki til ákæru og stúlka var þvinguð til að umgangast föður sem var dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn henni,“ segir Jóhann. Vafalaust eru barnaverndaryfirvöld og réttarkerfi mistæk í þessu efni sem öðrum. En það er næstum spaugilegt, að þannig sé venjulega röksemdafærsla dómstóla, þegar barn er dæmt til samvista við móður, sem ýmist misþyrmir eða drepur jafnvel. Það nefnir ekki Sigrún og vinur hennar í Melbourne.

Sigrúnu Sif liggur á hjarta að sannfæra lesendur um, að foreldrafirring eigi sér ekki stað, m.a. með tilvísun til orða fyrrnefndrar Söru, sem samkvæmt Stundargreininni segir: „Að mínu mati er ljóst að sýslumaður hefur að einhverju leyti byggt á þessari hugmyndafræði [foreldrafirringu] þegar teknar eru ákvarðanir um umgengni við börn eða í málum sem varða álagningu dagsekta. Mér finnst sýslumaður oft ganga langt, t.d. fara ýmsar krókaleiðir, í þeirri viðleitni að komast að einhverri fyrirframgefinni niðurstöðu sem samræmist kenningunni um foreldrafirringu. Ég veit að þetta hljómar einkennilega, en þetta er einfaldlega það sem ég hef kynnst í mínum störfum. Svona lítur þetta út, því miður.“ Það er sem sé skynvilla eða hugsunar, að foreldrar beiti börnum sínum í stríðinu við hvort annað. Það er mér að sönnu léttir að vita. Ég vildi svo sannarlega, að hin spámannlega vaxa Sara hefði komið miklu fyrir fram á sjónarsviðið. Hún hefði getað afstýrt miklum kvölum allra þátttakenda í slíkum harmleikjum, bent á, að um misskilning væri að ræða. Töfrastaf Söru vildi ég gjarnan eiga, svo ekki sé minnst á rannsóknarhæfileika Stundarmanna.

Sigrún Sif fer hamföllum í sannfæringarviðleitni sinni að þessu leyti. Vísað er til nokkurra greina í fræðitímaritum einnig. Í grein William O'Donnahue og fleiri í „Journal of Child Custody“ árið 2016 er á það bent, að hugtakið um tálmun sé ekki vísindalegs eðlis. Það er hárrétt. En það er heldur ekki öll geðsjúkdómaskráin eins og leggur sig. En það segir ekki alla sögu um skýringarmátt hugtaksins – langt í frá.

Næst er vísað til einhvers, sem kallað er „The Leadership Council,“ sem að eigin sögn berst fyrir að beita sálvísindum til hjálpar lítilmagnanum. Ég fæ ekki í fljótu bragði séð, hvað almenn umfjöllun um norður-ameríska barnageðlækninn, Richard A. Gardner (1931-2003) hefur með umfjöllun greinarhöfunda að gera, að öðru leyti en því, að hann gaf fyrstur nafn þeirri ósvinnu, sem foreldri beita börnin í hatursviðureignum sínum við skilnað.

Næsta tilvísun er til greinarstúbbs Norður-ameríska sálfræðingafélagsins, þar sem á það er bent, að ekki liggja fyrir nóg samleg vísindaleg gögn til að réttlæta foreldrafirringu sem sjúkdómsgreiningu. En eins og fyrr segir á það við um nær allar geðgreiningar. En hvergi sé ég þess stað, að umrætt félag afneiti tilvist fyrirbærisins, sem orðið vísar til.

Næsta grein er skrifuð af Joan S. Meir. Um er að ræða raunvísindalega (empirical) nálgun, en í úrdrætti greinarinnar eru hún ekki útskýrð frekar. Rannsóknin tók til tíu ára tímabils. Í niðurstöðu kemur m.a. fram að móður sé síður dæmd forsjá barna sinna, álassi hún föður þeirra um líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi. Ennþá frekar minnka líkurnar, bendi faðir á, að móðir hafi espað barnið gegn sér. Í niðurstöðum er þess ekki getið, að ranglega sé dæmt.

Því næst er gripið niður á Íslandi. Stundin er heimild greinarhöfunda enn á ný. Að þessu sinni grein eftir rannsóknarblaðamanninn, Frey Rögnvaldsson. Upphafsorð greinarinnar lýsa kjarna máls: „Föður, sem sakaður var um að hafa brotið kynferðislega gegn barni sínu, hefur verið dæmd forsjá yfir því sama barni í Héraðsdómi Reykjavíkur. Maðurinn hefur sjálfur viðurkennt að hafa brotið kynferðislega gegn hálf systur sinni þegar hún var fimm ára og hann rétt að verða fjórtán ára.“

Síðasta greinin, sem vitnað er til, er skrifuð af Michelle Sieff í „Foreign Affairs“ 2017. Michelle er ráðgjafi um ofbeldi gegn konum fyrir Alþjóðabankann (World Bank) og fleiri samtök. Þar er bent á, að sjálfur Donald Trump hafi undirritað lögjög árið 2017 – baráttumál kvenfrelsara – sem ber heitið „Konur, friður og öryggi“ (Women, Peace, and Security Act). Það er ein af þulum kvenfrelsaranna, að konur séu í eðli sínu friðsamari, heldur en karlar, og því beri að beita friðsemdareðli þeirra til að bæta heiminn. Vonandi koma allar konur veraldar að því verkefni.

Ég á í erfiðleikum með að finna eitthvað vísindalega bitastætt í grein þessari, sem grafa ætti undir virðingarheitinu, „Ísland sem kvenfrelsunarparadís.“ Ég sé ekki þá almennu karlfólsku, sem Sigrún og vinurinn í Ástralíu vilja sýna okkur fram á. En það er nánast sjálfgefið, að karlfólkska sé til, engu síður en kvenfólkska.

https://foreignpolicy.com/2020/07/15/the-misogynist-violence-of-icelands-feminist-paradise/?fbclid=IwAR1MJet0AD10mvvW-GCO5I3z-QHLbVENRaOtnzYErNJCF_IGcrQHZXsl2GI